



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552-7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. P 121/1996
komudagur 5.5. '97

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Árni R. Árnason, varaformaður

Umsögn um
frumvarp til laga
um veiðar
í fiskveiðilandhelgi Íslands

2. maí 1997
Landssamband smábátaeigenda

2. maí 1997

Htv. sjávarútvegsnefnd Alþingis
Steingrímur Sigfússon formaður

Efni: Umsögn um „Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands“.

Inngangur

Landssambands smábátaeigenda (L.S.) harmar þau vinnubrögð sjávarútvegsráðherra að sniðganga smábátaelendur til setu í nefndum og vinnuhópum er ráðherra skipar. L.S. vekur hér með formlegum hætti athygli háttvirtrar nefndar á vinnubrögðum ráðherrans.

Í athugasemdum, við frumvarp það sem hér er til umsagnar, segir að það sé í samræmi við tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði 26. maí 1994, að öðru leyti en því að þar er gert ráð fyrir nokkuð rýmri og mótaðri reglum til dragnótaveiða auk þess sem kveðið er skýrar á um framkvæmd leyfisbindingar veiða.

Rétt er að vekja athygli á að á starfstíma nefndarinnar, 26. maí 1994 - loka októbers 1996 tæp tvö og hálf ár, sá nefndin aldrei ástæðu til að bjóða fulltrúa frá L.S. að koma að starfi hennar. Koma á framfæri athugasemdum og ábendingum. Verður slíkt að teljast mjög ámælisvert þar sem verið er að fjalla um veiðislóð smábáta, skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra, framkvæmd skyndilokana og annarra svæðisbundinna friðunaraðgerða og viðurlög við fiskveiðilagabrotum. Starfsaðferðir nefndarinnar hafa og leitt til þess að ekki eru allir jafnir til umsagnar um frumvarpið.

L.S. vill ennfremur vekja athygli htv. nefndar að sá tími er félaginu er gefinn til umsagnar, það er þrjár vikur, er of stuttur fyrir jafnvíðamikil mál og hér er á ferðinni, ekki síst m.t.t. þess að eins og áður er frá greint að L.S. átti ekki fulltrúa í svokallaðri landhelgisnefnd.

Strax og L.S. barst frumvarpið til umsagnar var óskað eftir fundi með Jóni B. Jónassyni frv. formanni nefndarinnar. 16. apríl var fundurinn haldinn, þar sem farið var yfir frumvarpið og svör gefin við spurningum og vangaveltum sem upp höfðu komið við lestur þess. Á fundinum var undirrituðum afhent skrá yfir aflvísi skipa, landhelgiskort sem skýra átti mun á gildandi reglum og þeim sem lagt var til í frumvarpinu og yfirlit um dragnótaveiðar. Rétt er að það komi skýrt fram að samráð var haft við L.S. um 7. gr. frumvarpsins er fjallar um leyfisbindingu grásleppuveiða.

Athugasemdir við einstakar greinar

4. gr.

„er heimilt að stunda veiðar“

ákvæðið er í ósamræmi við 6. gr. a l. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sem heimilar óleyfisbundnar fiskveiðar í tómsundum til eigin neyslu.

Breytinga er þörf.

5. gr.

L.S. fagnar því að áfram er gert ráð fyrir að togveiðiheildir verði lögbundnar. Þá er það einnig fagnaðarefni að tekinn er af allur vafi á að hið mjög svo umdeilda veiðarfæri dragnót verði skilgreint sem togveiðarfæri.

L.S. gerir ekki sérstaka athugasemd við þá 48 punkta er þarna eru upptaldir, enda fullyrt að um sömu mið er að ræða og eru í gildandi lögum.

Í greininni er lagt til að forsenda heimiðar til veiða í fiskveiðilandhelginni verði, að skip sé styttra en 42 m og með aflvísi minni en 2.500. Önnur skip koma ekki til greina. Verði ákvæði þetta samþykkt hefur það í för með sér rýmkun frá reglum sem nú eru í gildi. L.S. mótmælir því harðlega. L.S. telur að ekki komi til greina að veita skipum lengri en 39 m eða 26 m og með aflvísi eins og hann var í þeim skipum 1. júlí 1976 heimild til veiða í flskveiðilandhelginni umfram það sem þá var ákveðið. Engan veginn er hægt að réttlæta að ákvæði til bráðabirgða sem farið hefur verið í kringum með mælingakúnstum veiti rétt til veiða í fiskveiðilandhelginni. L.S. telur að 21 árs aðlögunartími sem þessi skip hafa haft sé yfirdrifið nægur.

Þá er í athugasemdum með greininni skýrt tekið fram að eðlilegt sé að smærri og afkastaminni skip fái togveiðiheildir nær landi en þau stærri og afkastameiri. Er í því skyni reynt að sporna við því að farið sé í kringum reglur með mælingakúnstum, brúttórúmllestaviðmiðun aflögð og tekin upp viðmiðun sem byggir bæði á stærð (mesta lengd) og toggetu (aflvísi). Það er því í engu samræmi við „þeim mun afkastameiri, þeim mun nær hafsauga“ að reglur verði rýmkaðar.

Þá má einnig benda á að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að togkraftur skipanna hefur margfaldast frá 1. júlí 1976, skip sem voru þá með aflvísi 600 - 700 eru í dag með aflvísi á biliinu 2.100 - 2.500. Veiðafærin sem þessi skip nota nú eru margfalt þyngri og afkastameiri og eiga því ekkert erindi á grunnslóð eins og dæmi eru um að lagt er til í frumvarpinu.

Í fljótu bragði er ekki annað að sjá en aflvísir komi í veg fyrir að farið sé í kringum tilgang reglna þar um.

L.S. telur rétt að tekinn sé af allur vafi, að með reiknuðum aflvísi er átt við heildaraflvísi, þ.e. samanlagt afl allra skrúfa skipsins.

Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir gerir L.S. sérstaka athugasemd-við svæði G - Vestfirðir.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að röksemdir þess að nýtt togsvæði G.2. verði sett inn í lögin, „á þessu svæði má á haustin finna bæði kola og ýsu og eru svæðin lítið nýtt af öðrum fiskiskipum þennan tíma“. Þessu mótmælir L.S., þar sem að sögn þeirra er best þekkja tíl þessa svæðis er það fullnýtt. Þangað hafa smábátar róið undanfarin haust og fengið all nokkuð af ýsu. Þá er fullyrt að á svæðinu séu alls engin kolamið.

Þá er það eftirtektarvert að haustið er sérstaklega tiltekið sem vænlegur veiðitími, en ákvæði frumvarpsins gengur út á að heimila veiðar frá 1. nóvember til 31. janúar.

Í nefndum athugasemdum er notað orðalagið

„þar sem skipum í tveimur mínni flokkunum verði heimilt að stunda veiðar allt upp að fjórum sjómílum út af Vestfjörðum“ (l.br. - öp).

Það væri einnig hægt að orða þetta: þar sem skipum styttri en 42 m og með aflvísa minni en 2.500 verður heimilt að stunda veiðar allt upp að fjórum sjómílum út af Vestfjörðum.

Hér með er vakin sérstök athygli á þessu og lagt til að aðgangur að hólfínu verði takmarkaður við báta minni en 20 m.

6. gr.

Greinin fjallar um að dragnótaveiðar á svæðum sem togveiðar eru bannaðar á skuli vera leyfisbundnar.

Afstaða L.S. til dragnótaveiða er löngu kunn. L.S. getur sætt sig við að heimilaðar séu dragnótaveiðar til að nýta flattfisk, en mótmælir harðlega öllum bolfiskveiðum með dragnót. Hér á eftir eru birtar nokkrar samþykktir aðalfunda L.S. um dragnótaveiðar:

1996

„L. S. óskar eftir upplýsingum um tilraunaveiðar með snurvoð í Faxaflóa, hvenær þeim lýkur og hvaða niðurstöður liggja fyrir.

Einnig að gerð verði athugun á áhrifum dragnótarinnar víða um landið hvað varðar áhrif á lífríki viðkomandi veiðisvæða.“

1995

„Landssamband smábátaeigenda átelur að engar breytingar skuli lagðar til frá Hafrannsóknastofnun vegna þessara veiða, þó sannanlega hafi komið í ljós að um staðbundna hrygningarstofna þorsks er að ræða í flóum og fjörðum. Hafa þeir margir hverjir lítið sem ekkert veiðipól þannig að auðvelt er að hreinsa upp nánast allan þorsk sem genginn er til hrygningar.

L. S. telur að banna eigi snurvoðaveiðar á þeim svæðum frá 1. janúar til og með 31. maí ár hvert. Jafnframt skorar fundurinn á Hafrannsóknastofnun að taka afgerandi afstöðu til þessara afkastamiklu veiðarfæra upp í fjörusteinum.

Aðalfundur L. S. tekur undir með Fonti svæðisfélagi smábátaeigenda á Norðausturlandi um að óska eftir lokun á öllum fjörðum á norðausturlandi fyrir dragnót þar sem dæmi eru um að dragnótabátar fara ekki eftir þeim reglum um lokanir sem nú eru í gildi.“

1994

a. Austurland

„Þar sem endurheimtur á merktum hrygningarþorski sýna að sannanlega er um staðbundna hrygningu þorsks að ræða telur fundurinn mjög varhugavert að leyfa eins stórvirk veiðarfæri sem snurvoðin er meðan þorskur gengur og er að hrygna í fjörðum og flóum við Austurland.

Fundurinn telur að alfarið eigi að banna snurvoðaveiðar á þeim svæðum frá 1. janúar til og með 31. maí, þar sem hrygningarþorskur mun þá að mestu genginn af grunnsævinu aftur.

Jafnframt skorar fundurinn á Hafrannsóknastofnun að taka afgerandi afstöðu til veiða með snurvoð við landið. Bæði vegna áðurnefnds, svo og þeirra upplýsinga sem komið hafa fram eftir friðun umhverfis Vestmannaeyjar frá árinu 1992.

b. Faxaflói

L.S. samþykkir að skora á stjórnvöld að banna snurvoðaveiðar í Faxaflóa.

Greinargerð:

Við smábátasjómenn við Faxaflóa höfum stórar áhyggjur af veiðum snurvoðabáta í Faxaflóa. Við teljum brýnt og raunar krefjumst þess að rannsókuð verði tengsl stöðugt aukinna snurvoðaveiða í Faxaflóa og minnkandi fiskgengdar. Við vekjum athygli á því að Faxaflóinn er hrygningarsvæði og mjög mikilvæg uppeldisstöð fyrir ungfisk. Öll röskun á viðkvæmu jafnvægi lífríkis getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir bátaútgæð við Faxaflóa og reyndar fyrir fiskistofnana í heild.

Hagsmunir útgæða snurvoðabátanna eru smámunir miðað við það hrun á fiskistofnum í Faxaflóa sem er að verða að veruleika að okkar áliti.

Okkur smábátamönnum þykir það furðulegt af Hafrannsóknastofnun að á tímum umhverfisverndar og vitundar um viðkvæmt lífríki sjávar skuli botndregin veiðarfæri enn vera leyfð á uppeldis og hrygningarsvæðum fisks.

Við skorum á stjórnvöld að banna snurvoðaveiðar í Faxaflóa frá og með næsta vori og láta fara fram ítarlega rannsókn á afleiðingum þeirra á lífríki Faxaflóans.“

Ekki er annað að sjá en með frumvarpinu séu stjórnvöld að festa dragnótaveiðar enn betur í sessi en nú er. L.S. telur það vera mikið áhyggjuefni og mótmælir því sjónarmiði harðlega að „úr því ég hef þessar aflaheimildir þá hlýt ég að ráða því hvernig og með hvaða veiðarfærum ég fanga þær“.

Veiðar á grunnsjóð á að stunda með kyrrstæðum veiðarfærum. Óumdeilanlegt er að þau veiðarfæri hafa hvað minnst áhrif á umhverfi og geta ekki skaðað lífríkið.

Minnt skal á að ástæður þess að heimila dragnótaveiðar hér að nýju voru að dragnótin væri ákjósanlegt veiðarfæri til að nýta kola. L.S. telur að hér sé á ferðinni mjög gott tækifæri til að skerpa á þessum skilningi og heimila ekki dragnótaveiðar nema til nýtingar á þeim tegundum kolans sem örðugt er að veiða í kyrrstæð veiðarfæri.

7. gr.

Haft var náið samráð við L.S. um þann hluta greinarinnar er fjallar um leyfisbyndingu grásleppu-veiða. L.S. gerir því ekki athugasemdir við hann, né röksemdir sem fram koma í athugasemdum við greinina. L.S. mælir með að greinin verði samþykkt óbreytt.

9. gr.

L.S. telur brýnt að gerðar verði breytingar á orðalagi þessarar greinar. Í textanum er ekki skilið á milli kyrrstæðra veiðarfæra og dreginna. L.S. telur brýnt að það verði gert og leggur til að 1. og 2. mli. greinarinnar orðist svo: Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar með akveiðarfærum sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum akveiðarfærum eru bannaðar.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram eftirfarandi: „Einnig eru stundum sett tímabundin friðunarsvæði til friðunar á hrygnandi stofnum eða til þess að koma í veg fyrir aðrar óæskilegar veiðar.“

L.S. telur rétt að vekja athygli htv. sjávarútvegsnefndar á að engin rök hafa komið fram hjá Hafrannsóknastofnun fyrir því að banna veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum á hrygningartíma þorsksins aðrar en „af því bara“ eða „að ekki næst sátt um bannið nema það nái til allra veiðarfæra“. Veiðibanni þessu hefur því verið þröngvað upp á smábátana undanfarin ár, þrátt fyrir að ótvíræð lagastoð hafi ekki verið fyrir hendi. Með samþykkt greinarinnar er verið að lögfesta slík sjónarmið. L.S. mótmælir því harðlega og varar við samþykkt þessa ákvæðis, ákvæðis sem lögfestir „af því bara“.

10. gr.

L.S. gerir athugasemdir við 3. mgr.

1. mli. orðist svo: Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla skipa sem stunda veiðar með akveiðarfæri og línuskipa fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar.

3. mli. orðist svo: Þá teljast það ennfremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðar með akveiðarfærum séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

L.S. leggur ennfremur til breytingu á 1. mli. 4. mgr. frumvarpsins. Hann orðist svo: Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur Hafrannsóknastofnunin bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa, ef aldurslesning kvarna í bolfiski staðfestir að um ungfisk er að ræða, samkvæmt viðmiðunarmörkum sbr. 3. mgr. með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi.

Greinargerð

Í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar segir í 1. mgr. 2. gr.: „Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla. Þó getur ráðherra ákveðið með reglugerð að sleppa skuii lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri.“

Í reglugerð nr. 362/1996 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðirárið 1996/1997 segir í síðasta ml. 7. gr. „Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.“

Í reglugerð nr. 350/1996 um nýtingu afla og aukaafurða segir í 1. ml. 1. gr. „Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla en þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm, sem fæst á handfæri.“

Að framangreindu er því ljóst að handfæraveiðar eiga ekki við efni 2. mgr. 1. ml. Ennfremur skal bent á að engin dæmi eru um að lokað sé svæðum vegna þess að tiltekið magn af afla netabáta hafi farið undir viðmiðunarmörk. Þessi tvö veiðarfæri eiga því ekki við í þessu tilviki.

Á undanförmum árum hefur það alltof oft komið fyrir að skyndilokað er á fisk sem er undir lengdarviðmiðunarmörkum Hafró. Það hefur hins vegar komið í ljós að þessi fiskur er 5 ára og eldri og því ber að nýta hann. Lengdarviðmiðunarmörkin gefa ekki ótvíræðar upplýsingar um aldur. L.S. leggur af þeim sökum áherslu á að fiskur verði aldursgreindur með kvarnalestri áður en gripið verði til langtíma skyndilokunar.

16. og 17. gr.

L.S. ítrekar fyrri afstöðu sína, sem fram kom í athugasemdum við frv. til laga um umgengni um auðlindi sjávar, (7. mars 1996) og varða sektarákvæði.

L.S. telur að sektir taki mið af húftryggingarmati viðkomandi skips eða líklegu aflaverðmæti. Lágmarki á sekt telur L.S. ekki eiga rétt á sér. Dómsstólar eiga að hafa tök á að ákveða sekt m.t.t. eðli brots.

Verði engar breytingar gerðar á því sem lagt er til í frumvarpinu mundu óhjákvæmilege koma upp tilvik þar sem sekt væri ekki í neinu samræmi við brotið. Má þar nefna sem dæmi yfirsjón við merkingu veiðarfæra.

Ákvæði til bráðabirgða

Athugasemd hefur komið fram sjá nánar bls. 2, 5. gr.

„Engan veginn er hægt að réttlæta að ákvæði til bráðabirgða sem farið hefur verið í kringum með mælingakúnstum veiti rétt til veiða í fiskveiðilandhelginni. L.S. telur að 21 árs aðlögunartími sem þessi skip hafa haft sé yfirdrifið nægur“.

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátaeigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri